

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingishúsið við Austurvöll

101 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)



Reykjavík 24. janúar 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma, 232 mál.**

Hinn 21. janúar sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma, mál 232. Frestur til að skila inn umsögn um frumvarpið er til og með 24. janúar 2022. Samtökin vilja byrja á því að fagna frumvarpinu enda eru styrkir sem þessir nauðsynlegir fyrir rekstrararaðila sem sæta skerðingu á sinni starfsemi vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda sem hafa bein áhrif á þeirra rekstur. Samtökin vilja taka það fram að þörf er á framhaldi úrræða stjórnvalda fyrir ferðaþjónustufyrirtæki enda hafa aðstæður í faraldrinum nú töluverð áhrif á fyrirtækin, sérstaklega þau sem nú leggja áherslu á að halda ráðningarsambandi við starfsfólk yfir vetrarmánuðina.

**Frumvarpið kemur til móts við tjón af völdum sóttvarnaaðgerða stjórnvalda**

Frumvarpið er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr tjóni vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og skapa öfluga viðspyrnu í kjölfar hans. Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að rekstraraðilar sem hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli sökum takmarkana á opnunartíma veitingastaða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru geti viðhaldið nauðsynlegri lágmarksstarfsemi á meðan áhrifa takmarkananna gætir, varðveitt viðskiptasambönd og tryggt viðbúnað þegar úr rætist.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að það sé samið og lagt fram vegna þeirra sóttvarnaraðgerða sem gripið var til m.a. í nóvember á síðasta ári sem höfðu mikil áhrif á rekstur veitingaþjónustu. Í frumvarpinu er rífað upp hvers konar rússíbanareið það hefur verið að reka veitingastað síðan öllum takmörkunum var létt 25. júní á síðasta ári.

Stjórnvöld hafa lagt á samkomutakmarkanir og létt á þeim á víxl. Sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda eru lagaðar á með litlum sem engu fyrirvara. Það gerir það að verkum að veitingastaðir hafa starfað við mikla óvissu og óheilbriggt rekstrarumhverfi. Fyrirtæki í veitingaþjónustu hafa orðið fyrir miklum neikvæðum áhrifum vegna sóttvarnaaðgerða stjórnvalda frá því að samkomutakmarkanir voru fyrst settar á árið 2020. Um langt tímabil uppsafnaðs tjóns vegna sóttvarnaaðgerða er að ræða sem frumvarpinu er ætlað að veita mótvægi gagnvart.

Þessi aðgerð væri óþörf ef sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda væru ekki til staðar því þá gætu veitingastaðir starfað óréttir. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að eitt af skilyrðum þess að rekstraraðilar eigi rétt á styrk frá stjórnvöldum að rekstraraðili hafi sætt takmörkun á opnunartíma í

þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar vegna opinberra sóttvarnarráðstafana. Því gerir frumvarpið ráð fyrir því að styrkir falla niður ef sóttvarnaraðgerðir sem hafa áhrif á opnunartíma falla niður. Samtök ferðaþjónustunnar benda á að mikilvægt er að frumvarpið bæti tjón sem þegar er orðið vegna fyrri sóttvarnarráðstafana stjórnvalda. Með því að takmarka styrki skv. frumvarpinu við að sóttvarnatakmarkanir séu til staðar á komandi mánuðum er því sjónarmiði varpað fyrir róða.

SAF benda á að m.a. vegna þessa hefði farið betur á að nýta aðra nálgun en aðferðafræði viðspyrnustyrkja til að koma til móts við tjón veitingastaða. Stuðningsaðgerðir stjórnvalda í faraldrinum hafa byggst á tveimur grundvallarsjónarmiðum, annars vegar stuðningi við fyrirtæki sem orðið hafa fyrir tekjufalli vegna faraldursins sjálfs og hins vegar mótvægisáðgerðir vegna tjóns af völdum takmarkandi sóttvarnaákvæðna stjórnvalda. Aðferðafræði viðspyrnustyrkja fellur vel að fyrri rökfærslunni en mun síður að hinni. SAF leggja því áherslu á breytingar sem orðið geta til þess að færa skilyrði frumvarpsins í þá átt að markmiðum þess verði betur náð.

### **Rekstraraðilar í flokki IV gististaða með áfengisveitingum**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstraraðilar þurfi að uppfylla öll skilyrði 4. gr. frumvarpsins til að eiga möguleika á að fá styrk. Fyrsta skilyrði frumvarpsins er að um sé að ræða veitingastað. Í 7. tölul. 3. gr. er skilgreining á hvað telst til veitingastaðar og er um að ræða veitingastaði í flokki II eða III skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Í greinargerð frumvarpsins er tekið fram að ástæða þessa sé sú að takmarkanir á opnunartíma veitingastaða á því tímabili sem frumvarpið tekur til hafa aðeins náð til veitingastaða þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar. SAF geta vissulega tekið undir þá staðreynd og mikilvægi þess að styrkja þá rekstraraðila sérstaklega. Hins vegar benda samtökin að mikilvægt sé að gististaðir með rekstrarleyfi í flokki IV skv. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald séu einnig settir undir skilgreininguna í 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Samtökin benda nefndinni á nýlega samþykkt lög, nr. 2/2022. Í 2. gr. þeirra laga er launagreiðendum með meginstarfsemi gististaða í flokki IV skv. 3. gr. eða veitingastaða í flokki II og III skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 gert að jöfnu og þeim báðum veitt heimild til að fresta skilum á tveimur greiðslum virðisaukaskatts til stjórnvalda. Í umfjöllun nefndarinnar kemur fram að undir flokk IV skv. 3. Mgr. 3. Gr falli ýmsir gististaðir sem gera út á veitingarekstur sem þurftu að sæta takmörkunum. Margir veitingastaðir tengdir gististöðum hafi t.d. þurft að draga verulega úr umfangi eða hætta alfarið við viðburði sem miklu máli skipta fyrir reksturinn, svo sem jólahlaðborð, árshátíðir o.fl. Því ákvað nefndin að rýmka gildissvið ákvæðisins svo það tæki einnig til þeirra rekstraraðila. Samtökin telja að það sama eigi við um þetta frumvarp, enda séu þessar aðgerðir stjórnvalda miðaðar að sama hópi rekstraraðila.

Áhrif faraldursins í rekstri gististaða með veitingaþjónustu voru gríðarlega mikil 2020 en á því ári lækkuðu tekjur um 51 ma.kr. (64%) milli ára. Árið 2021 má gera ráð fyrir að tekjur lækki um 44,5 ma.kr. borið saman við 2019, en veitingasala og þjónusta stendur undir um 32% af tekjum í rekstri hótela og gistiheimila með veitingaþjónustu.

Þessir gististaðir hafa þurft að fella niður viðburði eins og jólahlaðborð, villibráðahlaðborð og nú þorablót. Sérstaklega er um að ræða rekstraraðila af landsbyggðinni sem reka bæði gististað og veitingastað undir einu og sama leyfinu.

Samtökin leggja því til eftirfarandi breytingu á 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins og það orðist svo:

**7. Veitingastaður: Veitingarekstur hjá gististað í flokki IV í 3. mgr. 3. gr. og veitingastaðir í flokki II eða III skv. 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.**

**Tekjutapið tengt við vísitölu neysluverðs**

Í 2. tölul. 4. gr. frumvarpsins er tiltekið að tekjur veitingastaða þurfi að vera 20% lægri í umsóknarmánuði og í sama almanaksmánuði árið 2019. Hér er mikilvægt að hafa í huga að frá í janúar 2019 til desember 2021 hefur almennt verðlag hækkað um 11,5%, það þýðir að viðmiðunarfráhæðin þarf að vera hærri sem því nemur til að halda verðgildi sínu frá janúar 2019 til desember 2021. Ef tekjur veitingastaðar í janúar 2019 voru 300 m.kr eru tekjur, leiðréttar fyrir verðbólgu, 335 m. kr. í desember 2021. Eðlilegt er að tekið sé tillit til þessa í samanburði tekna vegna skilyrðis um tekjufall.

Samtökin leggja því til að á eftir 1. másl. 2. tölul. 4. gr. frumvarpsins komi eftirfarandi másl.:

**Við útreikning á tekjufalli veitingastaðar skal taka mið af verðhækkunum samkvæmt almennri vísitölu neysluverðs.**

**Hærra launahlutfall kallar á lægra tekjufall**

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjufallið í umsóknarmánuði verði a.m.k. 20% lægra en í sama almanaksmánuði árið 2019. Samtökin telja það of hátt viðmið. Rekstraraðstæður veitingahúsa gera það að verkum að lágt tekjufall í prósentum um nokkurn tíma getur orsakað verulegan rekstrarvanda. Skilyrði um a.m.k. 20% tekjufall passa því illa við raunaðstæður veitingareksturs.

Launahlutfall á veitingastöðum er um 40% árið 2019. Það er um 50% árið 2020 skv. upplýsingum frá félagsmönnum SAF í veitingageiranum, og dæmi eru um að áhrif sóttvarnaðagerða sendi nú hlutfall launa af tekjum upp í 70%.

Fjöldi starfsmanna á litlu til meðalstóru veitingahúsi getur auðveldlega hlaupið á 20 til 50 manns og launakostnaður hár eftir því. Meirihluti, ef ekki allir starfsmenn, fá greitt álag vegna vaktavinnu, en hlutfall starfsmanna á álagsgreiðslum er mun hærra og kostnaður á hvern starfsmann því hærri í veitingarekstri en í mörgum þeirra fyrirtækja sem hlutu lokunarstyrki.

Launahlutfallið í vinnsluvirði veitingafyrirtækja var um 80% árið 2019 sem sýnir að stærsti hluti verðmætanna sem verða til í fyrirtækinu rennur í vasa launafólks. Síðan faraldurinn hefur byrjað þá hefur launahlutfallið hækkað enn meira vegna mikið lækkaðra tekna og afgerandi launahækkana.

Gögn Hagstofunnar sýna að neikvæð áhrif faraldursins og sóttvarnaaðgerða á tekjur og rekstur fyrirtækja í veitingasölu og -þjónustu hafa verið miklar. Rekstraraðilar í veitingageiranum hafa þurft að þola varanlegt tekjutap vegna faraldursins og sóttvarnaaðgerða stjórnvalda án þess að þeim hafi verið gert kleift að taka þátt í úrræðum sem bæta áttu slíkt tekjufall. Bein áhrif faraldursins og sóttvarnaaðgerða á til tekjuminnkun voru um 29 ma.kr. (29%) árið 2020 borið saman við 2019 og gert er ráð fyrir að tekjur verði lægri sem nemur 16 ma.kr. á þessu ári borið saman við 2019. Um 16% af veltu í veitingasölu og -þjónustu má rekja til nóvember og desember og er jólamánuðurinn einn af stærstu mánuðum ársins í rekstri veitingahúsa.

Samtökin benda einnig á að þar sem frumvarpinu er ætlað að koma til móts við langvarandi tjón rekstraraðila í veitingaþjónustu vegna sóttvarnaaðgerða síðustu tvö ár sé mikilvægt að takmarkanir

vegna tekjufalls séu nægilega víðar til að sem fæstir rekstraraðilar sem orðið hafa fyrir neikvæðum áhrifum sóttvarnaaðgerða falli utan við mótvægisáðgerðirnar.

Samtökin leggja því til eftirfarandi breytingar á 2. tölul. 4. gr. og a. og b. lið 5. gr, frumvarpsins.

**Í stað tölurnar 20% í 2. tölul. 4. gr. og a. og b.lið 5. gr. þá komi 10%. Í stað tölurnar 60% komi 40%.**

Samtökin telja að um mjög gott og þarft frumvarp sé að ræða og telja að það yrði til bóta ef frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem samtökin leggja til. Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

*Virðingarfyllt*



*Jóhannes Þór Skúlason  
framkvæmdastjóri SAF*